

**Nd.**

## **124. Nefndarálit**

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir verið til meðferðar á allmörgum undanförunum þingum, og því aukizt fylgi ár frá ári, enda komið betur og betur í ljós, hve réttmætt það er að leggja þennan hluta Seltjarnarneshrepps undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, þar sem þessi hluti hreppsins sérstaklega blýtur ætið að eiga mjög margt sameiginlegt með Reykjavík, enda umkringdur af bæjarins landi á alla vegu. Með þetta fyrir augum og fleira, sem tekið verður fram við framsögu málsins, leggur nefndin einróma til, að frv. nái fram að ganga með eftirfarandi

### **BREYTINGU.**

Við 3. gr. Í stað »Fyrir árslok 1931« kemur: Fyrir árslok 1932.

Alþingi, 25. júlí 1931.

Bergur Jónsson, Jón Ólafsson, Sveinhjörn Högnason,  
form. framsögum. fundaskrifari.  
Lárus Helgason. Einar Arnórsson.